

Rós er rós, kallast þetta verk eftir Annex Burgos.

# Sumar í Nýlistasafninu við Vatnsstíg

„New York — Nýló, 10 eyjaskeggjar frá Ameríku“ er titill sumarsýningar Nýlistasafnsins, sem opnuð var um helgina. Þetta er samsýning tíu myndlistarmanna, sem fæddir eru á árabílinu 1964-69.


Eins og titillinn ber með sér, eiga listamennirnir það sameiginlegt að vera frá eyldöndum: fimm frá Íslandi, fjórir frá Puerto Rico og einn frá Filippseyjum.

Annex Burgos er reyndar fædd í New York, en hefur mikil tengsl við Puerto Rico. Í sýningarskrá segir hún m.a.:

„Það er í eðli mannsins að skapa vandamál. Ég reyni að bregðast við þeirri yfirborðslegu reynslu sem þetta eðli orsakar, með því að sjá og skilja samhengið í öllum þeim ólíku aðstæðum sem upp koma, bæði hjá einstaklingnum og samfélaginu í heild.“

Ingibjörg Jóhannsdóttir sýnir „innsetningu“ sem hún kallar Stóra Björn og kringlóttan stiga, en með verkinu fylgir þessi skýring:

„Minningar eru kæfandi og leiða til einskis þegar þær stjórna hugsunum manns. Hins vegar geta þær verið kveikja að einhverju nýju og óvæntu þegar þær koma að óvörum þar sem verið er að upplifa nýjar kringumstæður. Minning og nýjungar verða eitt.



Stóri Björn og kringlóttur stigi, eftir Ingibjörgu Jóhannsdóttur.

Þannig geta minningar bætt við og sýnt núðið í nýju ljósi — og einstaka snum endað í myndlist. Verkið sem ég sýni hér er minning sem kom til mín í útlöndum um snjó, stjórnur, myrkur, vetur og vasaljós.“

Og Arnaldo Morales segir aðeins þetta: „Ég vil að fólk verði börn, uppfinningamenn og heimspekingar.“


Listamennirnir, sem eiga verk á sýningunni, heita Annex Burgos, Hrafnhildur Arnardóttir, Ingibjörg Jóhannsdóttir, Charles Juhász-Alvarado, Kristín Hauksdóttir.



Það eina sem Ana Rosa Rivera Marrero hefur til málanna að leggja í sýningarskrá, umfram það að sýna þetta verk sem er án titils, er tilvitnun í bók bóka: „Ezra 5:3.4.“

ir, Magnús Sigurðarson, Ana Rosa Rivera Marrero, Arnaldo Morales, Carmen Olmo og Stefán Jónsson.

Sýningin er opin kl. 14-18 alla daga og stendur til 25. júní. ■



## Veðurspámaðurinn

Í telfni af sýningunni Stíllinn í list Ásmundar Sveinssonar, sem var opnuð í Ásmundarsafni laugardaginn 27. maí síðastliðinn, voru gerðar afsteypur af verkinu Veðurspámaður eftir Ásmund Sveinsson og munu þær verða til sölu í takmörkuðu upplagi í safnaverslunum á Kjarvalsstöðum og í Ásmundarsafni.

Ásmundur Sveinsson skóp Veðurspámanninn í Reykjavík árið 1934, myndin var síðan stækkuð og steyppt í steinsteypu sumarið 1939. Hún sýnir mann sem gáir til veðurs. ■



## tækniskóli Íslands



Nýútskrifaðir nemendur Tækniskólans voru 1995.

# Útskriftarathöfn Tækniskólans

Laugardaginn 27. maí sl. voru brautskráðir frá Tækniskóla Íslands 48 nemendur. Úr byggingadeild útskrifubust 9 byggingatæknifræðingar með B.S.-próf og 5 byggingaiðnfræðingar. Rekstrardeild útskrifabi 9 iðnabratæknifræðinga með B.S.-próf og 7 iðnrekstrarfræðinga. Fimmtán nemendur luku raungreinaeildarprófi, sem er fjögurra anna nám og veitir rétt til náms á háskólastigi.

Einn lauk prófi í rafíðnfræði og tveir nemendur luku fyrsta ári af þremur í rafmagnstæknifræði, sem þeir síðar ljúka í Danmörku.

Í ræðu sinni tæpti rektor á þeim breytingum sem fyrirhugaðar eru á námsframboði við skólann. Næstkomandi haust verður í fyrsta sinn boðið upp á nám í vél- og orkutæknifræði til B.S.-prófs. Einnig er það nýmæli að í B.S.-námi í bygg-

ingataknifræði geta nemendur nú í fyrsta sinn valið umhverfissvið, þar sem áhersla er m.a. lögð á neysluvatn, fráveituvatn, umhverfisfræði og umhverfismat.

Danski sendiherrann, Hr. Klaus Otto Kappel, flutti ávarp og óskaði brautskráðum nemendum allra heilla. Páll Jónsson, formaður Tæknifræðingafélags Íslands, afhenti skólanum peningagjöf og veitti viðurkenningar fyrir tvö lokaverkefni. Annars vegar hlaut Leó Sigurðsson byggingatæknifræðingur viðurkenningu fyrir verkefni sitt um framkvæmd jarðganga undir Hvalfjörð og hins vegar hlutu þeir Egill Egilsson, Hörður Einarsson og Sigurður Magnússon, nýútskrifaðir iðnabratæknifræðingar, viðurkenningu fyrir lokaverkefni sitt um vélvæðingu ígulkaravinnslu. Nemendur í Tækniskóla Íslands síðastliðinn vetur voru 470 talsins. ■

## Listi yfir lokaverkefni nemenda í tæknifræði

### Iðnabratæknifræði:

*Endurvinnsla og förgun rafgeyma.*

Höfundar: Ágúst Ágústsson, Halldór V. Magnússon, Hjörleifur Gunnarsson og Ívar Atlason.

*Vörubrúun á tilbúnum sósun fyrir neytendamarkað og veitingahús.*

Höfundar: Ingibjörg Ólafsdóttir, Sigurður T. Kjartansson og Pröstur Sigurðsson.

*Vélvæðing ígulkaravinnslu.* Höfundar: Egill Egilsson, Hörður Einarsson og Sigurður Magnússon.

### Byggingatæknifræði:

*Járnbraut milli Reykjavíkur og Keflavíkur.* Höfundur: Guðni Þór Gunnarsson.

*Hönnun göngubrúar við Munadar-*

*nes.* Höfundur: Jóhann K. Hjálmarsson.

*Hönnun leikskóla á Setbergi í Hafnarfirði.* Höfundur: Trausti Hafsteinsson.

*Framkvæmd jarðganga undir Hvalfjörð.* Höfundur: Leó Sigurðsson.

*Rykbinding og viðhald malarvega.* Höfundur: Magnús Hjartarson.

*Yfirborðsmerkingar á vegum.* Höfundur: Torfi Gunnarsson.

*Hönnun kúluhúss.* Höfundur: Þór Sigurþórsson.

*Holræsa- og vatnslagnakerfi fyrir Egilsstaðakaupstað.* Höfundur: Magnús Guðjónsson.

*Kostnaðargreining og verðmætamat einbýlishúss.* Höfundur: Aron Bjarnason.